

**Nd.**

## **272. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Pálmason, Thor Thors.

### **1. gr.**

Aftan við 2. málsg. 10. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Við kosningar í hreppum gilda þó eigi ákvæði 11. gr. laga um kosningar til Alþingis (nr. 18/1934) um að sá eða þeir, sem í kjöri eru, skuli víkja sæti í kjörstjórn.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Við undirbúning sveitarstjórnarkosninganna á komandi vori hefir það komið í ljós, að eigi muni kleift að hanna frambjóðendum í hreppunum setu í kjörstjórn, þar sem auðveldlega gæti að því rekið, að eigi yrði ráð á nægilega mörgum hæfum mönnum til þess að annast kjörstjórnarstörf, ef margir listar koma fram, með allt að tug manna hver (aðalmenn og varamenn), sem vel má gera ráð fyrir í meðalhreppi, eins og flokkaskipting er í landinu. Nauðsyn á slíku allsherjarbanni myndi og í þessum tilfellum ekki teljast eins rik og við hinar pólitísku alþingiskosningar.

Það er að vísu eigi fullljóst, að skilja þurfi ákvæðin í sveitarstjórnarkosningalögunum í þessu tilfelli sem beina fyrirskipun um, að regla alþingiskosningalaganna eigi að gilda í þessu efni, en þar sem það má telja eins líklegt, þykir rétt að taka af tvímælin á þennan hátt, sem frv. gerir ráð fyrir.